

AUGLÝSING

153

15. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í i-lið 14. gr. laga frá 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkv. 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942:

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 1. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1942.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

154

17. sept.

um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skulu sölubúðir ekki opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis og lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, þó með þeirri undantekningu, að á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal þeim lokað eigi síðan en kl. 1 síðdegis á laugardögum.

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 árdegis til kl. 6 síðdegis, nema á tímabilinu 15. maí til 15. september skal þeim lokað á laugardögum kl. 4 síðdegis og á sunnudögum skulu þær opnar frá kl. 9 árdegis til kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 81 17. maí 1941, um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.